

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskólans á Hellu,  
haldinn í grunnskólanum þann 13. september 2018 kl. 20:00

1. liður samkvæmt dagskrá - Halldóra formaður FFGH setur fundinn, býður fundargesti velkomna og tilnefnir Særúnu sem fundarstjóra og Rósu Hlín sem ritara fundarins. Það er samþykkt.
2. Særún tekur við fundarstjórn og býður fundarritara að lesa fundargerð síðasta aðalfundar. Var sú fundargerð samþykkt einróma.
3. Því næst las Halldóra upp skýrslu stjórnar. Umræður um skýrsluna varðandi tengla og aðeins rætt um það.
4. Ársreikningar, Drífa fer yfir þá. Allir samþykkir reikningum.
5. Særún býður næst formanni að fara í næsta lið sem eru lagabreytingar. Halldóra les upp lög FFGH óbreytt og svo eru breytingar kynntar, varpað upp á skjá. Breytingar eru hér breiðletraðar og samþykktar breytingar breiðletraðar og undirstrikaðar.

Fyrsta breytingin er viðbót við 4.grein c)liður var samþykktur einróma. Hann hljómar þá svo:

**4.grein, C) Félagar greiða úrgjald 3000.kr á heimili, innheimt sem valgreiðslukrafa í heimabanka.**

5.grein f) liður hljómar svona : **Æskilegt er að skólastjóri eða staðgengill hans sitji fundi félagsins. Breytingin hljómar: *Æskilegt er að fulltrúi frá skólanum sitji fundi félagsins og skal hann skipaður af skólastjóra*, breytingin var ekki samþykkt.**

Breytingartillaga frá fundarmönnum hljómar svo: **Æskilegt er að skólastjóri eða staðgengill hans sitji aðalfund félagsins.**

5. grein, f) --: **Æskilegt er að skólastjóri eða staðgengill hans sitji aðalfund félagsins.** samþykkir allir fundarmenn.

6. grein eins og hún er: Aðalfund skal halda árlega fyrir lok skólaárs. Æskilegt er að halda einn til tvo félagsfundi á skólaárinu. Allir fundir skulu boðaðir bréflega, og aðalfundur með minnst viku fyrirvara.

Breytingartillaga:

**Aðalfund skal halda árlega fyrir 1. október. Æskilegt er að halda einn til tvo félagsfundi á skólaárinu. Allir fundir skulu boðaðir rafrænt eða á annan áberandi hátt og aðalfundur með minnst viku fyrirvara.**

samþykkt einróma

7.grein eins og hún er:

Formaður félagsins skal eiga sæti í skólaráði, skal varaformaður félagsins vera varamaður hans. Auk þess skipar stjórn félagsins tvo fulltrúa til setu í skólaráðinu til eins árs í senn og varamenn þeirra með sama hætti.

Breytingartillaga:

***Tveir fulltrúar skólaráðs skulu kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins, skal annar fulltrúinn vera úr stjórn félagsins og varamenn skipaðir með sama hætti.***

Breyting ekki samþykkt, fundarmenn vilja gera breytingu á tillögu stjórnar –  
**Foreldrafélagið á tvo fulltrúa í skólaráði. Annar fulltrúi kemur úr stjórn ásamt varamanni og hinn er kosinn á aðalfundi ásamt varamanni til tveggja ára í senn.**  
Samþykkir allir.

#### 6. liður – kosningar í stjórn og fleira

Það vantar 3 meðstjórnendur, einn hefur gefið kost á sér. Þrír kosnir: Klara Viðarsdóttir, Auður Erla Logadóttir, Helga Dagrún Helgadóttir.

Skoðunarmenn Hulda Karlsdóttir og Guðni Þór Guðjónsson, Hulda gefur kost á sér áfram, þarf að athuga með Guðna.

Skólaráð – Hulda Karlsdóttir situr áfram og Therese Sundberg situr áfram sem varamaður í skólaráði.

#### 7. Liður Steinar Tómasson fer yfir skólareglur og fleira. Segir frá hverjir voru kosnir í nemendaráð, segir frá starfsmannahaldi og segir frá atburðum á skóladagatali., t.d. Bæjarhellunni, námsefniskynningar o.fl. Hugmynd frá fundarmanni að hafa námsefniskynningar og aðalfund í framhaldinu, eitthvað sem hægt er að útfæra ef vilji er fyrir því.

Spurning úr sal hver væri skólahjúkrunarfræðingur, hún heitir Arndís Fannberg og er við á mánudagsmorgnum.

Steinar fer yfir skólareglur á myndvarpa!!!

Miklar umræður um símabann, skólinn vill ekki stíga það skref að taka síma af nemendum.

Foreldrar greinilega hlyntir því að takmarka skuli símanotkun, rætt um félagslega hæfni og fleira í þeim dúr.

#### 8. Liður - önnur mál:

Umræður um að unglingarnir fari út í frímínútum, takmarki símanotkun, hugmynd um að hafa símalausa mánuði innan bekkja/stiga. Hugmynd um að leyfa nemendaráði að koma með tillögur að símalausum degi, leikjadegi o.fl.

Halldóra talar fyrir því að jólabingóið myndi breytast í jólahappdrætti og vera í tengslum við jólaúthvarpið, en það skarast á við styrkina sem fyrirtæki gefa til útvarpsins. FFGH þarf að ræða þetta frekar og taka ákvörðun.

Sleppa jólabingóinu og minnka þetta jólastúss.

Umræður um að minnka heimanám í desember. Birta kennari útskýrir að það sé ekki góð hugmynd því það mun halda áfram að vera álag á framhaldsskólaárunum og maður getur ekki alltaf flúið álag, má ekki „aumingjavæða“ nemendur.

Halldóra segir frá námskeiði á Hvolsvelli sem tengist símanotkun.

Skóladagheimilið, hvernig er það? Er þetta framtíðarhúsnæði? Særún svarar því að það sé á umbótaáætlun að gera úrbætur á því. Fólki finnst að það þurfi að gera varanlegar úrbætur.

Kemur fram frá Margréti Hörpu, sem situr líka í sveitarstjórn, að sveitarstjórnarstigið viti ekki af því nægilega vel af vanda skólans sem snýr að húsnæði og skorti á því.

Foreldrafélagði vill senda áskorun til sveitarstjórnar um framtíðarskipulag á húsnæði Grunnskólans á Hellu. Ný stjórn kemur til með að semja bréf til sveitarstjórnar vegna þessa.

Fundi slitið 22:40

Fundargerð ritaði Rósa Hlín Óskarsdóttir, ritari FFGH  
Fjöldi fundargesta var 18